

Ed.

991. Breytingartillaga

við frv. til l. um sameining Selfosbyggðar í eitt hreppsfélag.

Frá Eiríki Einarssyni.

Aftan við frumvarpið bætist svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Sandvíkurhreppur, að undanskilinni Flóagafllstorfunni, sbr. 2. gr., skal fyrst um sinn vera í órofnu hreppsfélagi við hinn nýja Selfosshrepp um öll réttindi og skyldur eins og sama hreppsfélags. Æski meiri hluti búenda á því svæði, er telst til Sandvíkurhrepps samkv. ákvæðum laga þessara, siðar að gerast sjálfstætt hreppsfélag og slíta tengslu við Selfosbyggð, skal heimilt að gera svo með 6 mánaða fyrirvara, áður en skipting hreppsfélaganna kemst til framkvæmda. Þegar til þessara hreppaskipta kemur, skulu ákvæði laga þessara gilda um bætur og annað, er varðar skiptinguna, ef þar yrði um ágreining að ræða.